

# Nesfréttir

DESEMBER 2020 • 12. TBL. • 33. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)



Vesturbærjútíðubú við Hagatorg

**TRÍÓ**  
PIZZUR MÁNAÐARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

**Gleðileg jól**

Í desemberblaði Nesfrétta er viðtal við Bjarka Kaldalóns Friis náttúruvásérfræðing sem hefur bæði starfað á Norðaustur Grænlandi og Svalbarða. Á myndinni er Bjarki ásamt konu sinni Önnu Mjöll og dóttur þeirra Kötlu Cecilíu. Viðtal við Bjarka er á bls. 12-14.

**Jólahapp!**

Jólamíðinn er kominn á sölustaði um allt land.

HAPPA PRENNAN  
Skammtligt að skafa!

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**

SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

## Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

**KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN**

### Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



#### Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



#### Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu sliflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Útsvarið og ungmennastarfið

Lægstu útsvarsprósentu á landinu má finna á Seltjarnarnesi eða 13,70 prósentustig. Af því mætti draga þá ályktun að Seltjarnarnesbær byggji við tryggustu tekjuöflun og besta efnahag sveitarfélaga.

Því er þó ekki að heilsa. Bæjarfélagið hefur verið rekið með halla undanfarin ár. Í nágrennbæjarfélögunum Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbær er útsvarsprósentan 14.48% og þykir viðunandi.

Til umræðu er að skera niður framlög til ungmennastafsins á Nesinu. Minna má á fyrir um aldarfjórðungi var vandi í málefnum ungmenna á Seltjarnarnesi. Ungmennadrykkja var viðloðandi og krakkar höfðu að litlu að hverfa öðru en slæpingi og óheilbrigðu líferni.

Þá ákváðu bæjaryfirvöld að við svo búið mætti ekki standa. Félagsmiðstöð var komið á fót. Foreldrarólt var hafið og reynt var að efla ungmennastarf eins og kostur var.

Gjörbreyting varð á lífi ungmenna á nokkrum árum. Seltjarnarnesbær stóð allt í einu framarlega ef ekki fremst í flokki bæjarfélaga að þessu leyti.

Engan langar til þess að hverfa aftur til liðinnar aldar í málefnum ungmenna á Seltjarnarnesi. Bæjaryfirvöld verða að tryggja öflugt ungmennastarf sem verið hefur í meira en tvo áratugi haldi áfram.

## Bæjarfélagið verður rekið með halla

- útsvar verður ekki hækkað



Útsvar verður ekki hækkað á Seltjarnarnesi. Útsvarið verður áfram 13,70 prósentustig sem er það lægst á landinu. Hallarekstur hefur verið á bæjarsjóði undanfarin fimm ár og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Á fundi bæjarstjórnar á dögunum var lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og var þar gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarmiðurstöðu upp á 136 milljónir króna.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir að fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar sé sterk og skuldir langt undir viðmiðunarmörkum, samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Hún segir að skuldir bæjarfélagsins hafa aukist óverulega vegna byggingar hjúkunarheimilis og stækkunar íþróttamiðstöðvar. Í forsendum fjárhagsáætlunarinnar er gert ráð fyrir að þjónusta við bæjarbúa verði áfram eins og best verður á kosið, að ekki verði dregið úr grunnþjónustu vegna samdráttar tekna og að álögur á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er. Jafnframt verði gætt ítrasta aðhalds í rekstri bæjarins.

### Tekjur ekki ofáttaðar

Ásgerður segir að sú fjárhagsáætlun sem lögð hefur verið fram geri ekki ráð fyrir kyrrstöðu, niðurskurði eða þjónustuskerðingum við íbúa bæjarins. Hún geri ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu og því ljóst að ekkert má út af bregða. Ásgerður segir að þegar tillagan er rýnd og borin saman við rekstur liðinna ára komi í ljós að tekjur séu ekki ofáttaðar og fjárútlát miðast við þá grunnþjónustu sem á að standa vörð um. „Bæjarfélagið er rekið með fyrsta flokks þjónustu. Sveitarfélagið hefur síðastliðin ár staðið í miklum framkvæmdum og eru framkvæmdir m.a. eins og bygging nýs sambýlis framundan á næsta ári. Tekið skal fram að rekstrarreikningur ársins 2019 var jákvæður. Með tilkomu bóluefnis og viðspyrnu þjóðfélagsins með aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna covid trúi ég því að rekstur næsta árs verði okkur hagfelldur,“ segir Ásgerður.



**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á  
Facebook



**Erum á Óðinsgötu 1**

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid  
Netverslun: systrasamlagid.is

# Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



GUCCI

# Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar

**- segja rekstur bæjarfélagsins ekki sjálfbæran**

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi segja að rekstur A hluta bæjarsjóðs sé með uppsafnaðan halla sem nemur 630 milljónum á síðustu fimm árum. Núverandi rekstrarár stefnir í áframhaldandi hallarekstur og nú leggur meirihlutinn fram fjárhagsáætlun fyrir 2021 sem gerir ráð fyrir um 120 milljón króna tapi sjóðsins. Þá berir að nefna að niðurstaða A sjóðs hafi verið 95 milljónum lakari en áætlun gerði ráð fyrir árið 2019.



Við fjárhagsáætlunargerð ársins 2020 lagði minnihlutinn til að útsvar yrði það sama og í Hafnarfirði, Kópavogi og Mosfellsbæ, færi úr 13.70% í 14.48%. Í rökstuðningi með tillöggunni var sýnt fram á að til að ná jafnvægi í rekstri sveitarfélagsins þurfi að innheimta 14.48% til þess eins að draga úr taprekstri. Staðan á rekstri þessa árs sýnir fram á að þrátt fyrir hagræðingu og niðurskurð þá stefnir í áframhaldandi taprekstur og áætlun næsta árs gerir ráð fyrir að taprekstur verði að reglu en ekki undantekningu hjá bænum.

## Reksturinn ekki sjálfbær

Bæjarfulltrúar telja að rekstur Seltjarnarnesbæjar sé einfaldlega ekki sjálfbær og hafi ekki verið það síðastliðin fimm ár. Hallarekstur A sjóðs sé brúaður með lántöku sem er í raun frestun á skattgreiðslum inn í framtíðina á vöxtum. Það að innheimta sama útsvar og nágrennasveitarfélögin okkar þýðir ekki einu sinni að hægt sé að ráðast í öfluga sókn heldur dugar það bara til að brúa þann halla sem gert er ráð fyrir í áætlun. Við þurfum áfram að sýna ábyrgð í rekstri og leita leiða til þess að skapa svigrúm til að efla þjónustu sveitarfélagsins í takt við metnað íbúa á Seltjarnarnesi.

# Félagsheimilið endurbætt

Endurbætur og viðhaldsframkvæmdir eru að hefjast á Félagshemilinu á Seltjarnarnesi og verður húsið lokað á meðan þær standa yfir. Athugað verður með nýtt rekstrarform áður en húsið opnar að nýju.

Menningarnefnd fagnar því að búið sé að ákveða að fara í viðhaldsframkvæmdir á Félagshemili bæjarins. Hvatt er til þess að einnig verði haft samráð við fagaðila í menningarmálum varðandi framkvæmdina s.s. lista- og tæknifólk.

Félagshemilið var formlega tekið í notkun 20. mars 1971. Sigurður Kr. Árnason byggingameistari byggði félagshemilið og einnig íþróttahúsið á Nesinu. Starfsemin þess hefur verið margvísleg í gegnum tíðina. Þar hafa menn glaðst á árs hátíðum, þar hafa leiksýningar verið settar á svið kórar og kórar komið fram. Svo nokkurs sé getið.



Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

### MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





SELTJARNARNESBÆR

# KJÖR ÍPRÓTTAMANNS SELTJARNARNESS Í KVENNA OG KARLAFLOKKI 2020 FER FRAM FIMMTUDAGINN 28. JANÚAR 2021 Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

**Vegna óvissu með framvindu Covid-19 og samkomutakmarkanir þá verður viðburðurinn auglýstur sérstaklega þegar nær dregur.**

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundaneftndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar. Eingöngu er unnið úr tilnefningum.

**Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það sem þarf að koma fram er:**

- Nafn, kennitala, heimili, sími og tölvupóstfang.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is) fyrir 10. janúar 2021.

## **Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi**

Sjá úthlutunarreglur: <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthyktir/nr/3229>

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótt- og tómstundaneftndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á þar til gerðum eyðublaðum á heimasíðu bæjarins eða á póstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is). Slóð á umsóknareyðublað: <https://innskraning.island.is/?id=minarsidur.seltjarnarnes.is>

Með öllum umsóknum skal leggja fram ítarlega greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns Seltjarnarness.



Sundlaug, sjávarsýn og ýmis önnur þægindum eru í húsinu við Hrólfsskálavör 2.

## Davíð Helgason keypti dýrasta einbýlishús landsins

Davíð Helgason, bróðir Egils Helgasonar fjölmiðlamanns hefur keypt húsið við Hrólfsskálavör 2 á Seltjarnarnesi. Davíð er einn af stofnendum hugbúnaðarfyritækisins Unity og hefur starfað mikið erlendis á þess vegum á undanförunum árum.

Húsið var áður í eigu Skúla Mogensen stofnanda og forstjóra WOW air en var upphaflega byggt af Eiríki Sigurðssyni kaupmanni sem kenndur er við verslanirnar 10 – 11. Húsið komst í eigu Arionbanki eftir fall WOW air en Skúli hafði veðsett það vegna fjármögnunar WOW þegar félagið réri lífróður. Kaupverð hússins mun á sjötta hundrað milljónir króna. Húsið er um 600 fermetrar og er hannað af Steve Christer og Margréti Harðardóttur hjá Studio Granda og er fasteignamat þess 261 milljón króna.




[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

## SKEMMTILEGAR BÆKUR!



**Einstök**  
lífsreynslusaga þar  
sem bjartsýni og  
húmor skína í gegn.



**Getur**  
feitt fólk  
fylgst grannt  
með fréttum?



**Hér stígur hver**  
snillingurinn af  
öðrum fram í  
sviðsljósið og  
útkoman er  
bæði bráðfyndin  
og fræðandi.

Bókaútgáfan Hólar  
[holabok.is](http://holabok.is) / [holar@holabok.is](mailto:holar@holabok.is)

## Endurnýjuð flóðlýsing við gervigrasvöllinn



Bæjarráð Seltjarnarness hefur samþykkt að taka tilboði Metatron ehf. Vegna endurnýjun flóðlýsingar við gervigrasvöllinn á Nesinu.

Tilboðið var lægst að fjárhæð kr. 36.6 milljónir króna. Samþykktin er gerð með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er bæjarverkfræðingi falin afgreiðslu málsins. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kæruneftar útboðsmála og er kærufrestur 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

Óskum viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk  
Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA  
EIÐISTORGI 13 - 15  
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

Árbæjarsafn

Verið velkomin  
á Árbæjarsafn  
á aðventunni

Engin jóladagskrá í ár vegna  
COVID-19.



FÁLKI hálsmen



ERIKA hálsmen



KOLGA lokkar



ERIKA hálsmen



SINDUR lokkar



ERIKA hringur



ERIKA lokkar



ERIKA armband

# aurum

BY  
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

Frí heimsending af [www.is.aurum.is](http://www.is.aurum.is)

## Engin áramóta- brenna á Valhúsaheð þetta árið



Frá áramótabrennu á Valhúsaheð. Engir slíkir logar muni lýsa hæðina á næsta gamlárskvöldi.

Vegna þeirra sóttvarnarsreglna sem í gildi eru um takmörkun á samkomuhaldi fram til 12. janúar nk. vegna Covid-19 verður ekki hægt að halda áramótabrennu á Valhúsaheð á gamlárskvöld.

Bæjarstjórn staðfesti ákvörðun þessa efnis á bæjarstjórnarfundum þann 9. desember sl. Íbúar eru hvattir til að njóta jóla- og áramóta í sínum „jólakúlum“ í takt við tilmæli sóttvarnaryfirvalda.

## Valdís sýnir í Gallerí Gróttu

Seltirningurinn Valdís Kjartansdóttir opnaði sýningu sína Sólstafir í Gallerí Gróttu þann 3. desember sl. Valdís hefur teiknað og málað frá unga aldri og sótt ýmis námskeið í myndlist. Hún tók þátt í einni samsýningu í kirkjunni fyrir um aldarfjórðungi síðan. Sýningin samanstendur af olíumálverkum á striga, fyrir utan eitt akrýlverk sem er málað á flísar sem voru límdar á krossviðarplötu. Verkin eru máluð á árunum 1977 frá 2010. Myndirnar hafa skírskotun í Íslenska náttúru og endurspeglar litatilbrigðin og andstæðurnar í henni. Þema eins og eldur/ís, fossar, sólarupprás og ljós/skuggar koma fyrir í myndunum.

Valdís er fædd 17. júlí 1938 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Kjartan Ólafsson brunavörður og skáld frá Húsafelli og Jóna Sigríður Gísladóttir saumakona úr Rauðseyjum á Breiðafirði. Hún ólst upp á Baldursgötu í miðbæ Reykjavíkur. Valdís útskrifaðist sem tækni-teiknari frá Lönskólanum í Reykjavík árið 1957. Hún vann hjá Reykjavíkurborg. 1957 til 1960 og frá 1960 til 1969 hjá Almennu teiknistofunni í Reykjavík. Árið 1969 giftist hún Arnfinni Bertelssyni byggingarverfræðingi en hann féll frá í mars síðastliðnum. Þau bjuggu á árunum 1969 til 1971 í Danmörku, í Kaupmannahöfn og í Hirtshals á Jótlandi og vann Valdís á þeim tíma hjá Karl Bro í Kaupmannahöfn.



Valdís og Arnfinnur byggðu síðan hús á Sæbraut 12 á Seltjarnarnesi og fluttu þangað árið 1977. Börn þeirra eru Arndís Vala kvensjúkdómalæknir, Kjartan löggiltur endurskoðandi og Bertel Ingi tölvunarfræðingur. Valdís á einnig dótturina Sigrúnu Þor- mar hagfræðing. Barnabörnin eru fjögur og langömmubörnin eru orðin fimm.

Sýning Valdísar í Gallerí Gróttu stendur til 8. janúar 2021. Verið hjartanlega velkomin.



Valdís Kjartansdóttir.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir  
krossar á leiði!

3ja ára  
ábyrgð



JS LJÓSAMÍÐJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skennumvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

*Við óskum Seltirningum  
og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.*

Hvetjum bæjarbúa til að huga að umhverfinu í kringum hátíðarnar, flokka plast og pappír og fara með flugelda í SORPU.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness





# Gleði jólanna

- eftir sr. Bjarna Þór Bjarnason

## Kæri lesandi.

Í þekktum jólatexta eftir Loft Guðmundsson segir:

„Gaman er að geta um jól  
glæðst sem lítið barn.“

Þessi orð minna okkur á að jólagleðin sé eftirsóknarverð. Við sjáum þessa fölskvalausu gleði hjá börnunum enda eru jólin oft nefnd hátíð þeirra. Svo mikilvæg er gleðin á þeirri hátíð að við segjum við hvert annað: „Gleðileg jól.“ Þessi orð fela í sér fallega kveðju og ósk um að samferðarfólkið megi finna gleði og lífsfyllingu um jólin.

Það getur verið flókið og stundum erfitt að finna þessa jólagleði. Þar kemur svo margt til. Það gæti verið heilsuleysi, ástvinna-eða atvinnumissir eða fátækt sem skyggir á

jólagleðina. Þrátt fyrir þessa erfiðu þætti og marga fleiri getum við reynt að eiga innihaldsrík jól með okkar nánustu og fangað augnablik gleðinnar. Jólin boða kærleika og frið. Þau eru samfélag fólks sem vill eiga saman gleðiríkar stundir.

Við höldum þessa hátíð vegna fæðingar barns. Við fögnum komu þess og gleðjumst yfir því að Guð er með okkur hér og nú. Á máli Biblíunnar heitir það „Immanúel.“ Gleði barnanna endurspeglar þá gleði sem ríkti forðum á Betlehemsvöllum. Hún gerir það vegna þess að hún er innileg og ósvikin. Vonandi eigum við gleðilegar bernskuminningar tengdar jólum. Það er gott að orna sér við slíkar minningar og reyna að fanga þessa gleðilegu tilfinningu fortíðar. Hún gerir hátíðina innihaldsríkari og betri á allan hátt.

Á þessari aðventu sem nú er að líða skulum

við undirbúa huga okkar og hjarta fyrir komu Jesúbarnsins. Það skulum við gera þrátt fyrir farsóttina og ýmsar hömlur sem henni fylgja. Fögnum komu barnsins í Betlehem og tökum á móti því með því hugarfari sem birtist í sálmi Guðmundar Guðmundssonar:

Ó, gef mér barnsins glaðan jólahug,  
við geisla ljósadýrðar vært er sofnað.  
Þá hefur sál mín sig til þín á flug,  
Og sérhvert ský á himni mínum rofnað.

Guð gefi þér og þínum ánægjulega og uppbyggilega aðventu og gleðiríka jólahátíð.



Sr. Bjarna Þór Bjarnason.

## Kjötkompaní

### NAUTALUND

# WELLINGTON

*Munir að þanta tímanlega*



[kjotkompani.is/jolin](http://kjotkompani.is/jolin)

Hafnarfirði & Grandá

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

# Sólveig Páls með nýja bók

Klettaborgin heitir ný bók eftir Sólveigu Pálsdóttur rithöfund og bæjarlistamann Seltjarnarness 2019. Bókin geymir stuttar minningasögur höfundar frá fimm ára aldri og fram undir títugt en teygir sig þó allt til dagsins í dag.

Sólveig segist hafa byrjað að skrifa Klettaborgina nokkru eftir að Covid-19 faraldurinn skall á í vor. „Heimurinn breyttist og ég fann sterka þörf til að láta verða af því að skrifa um þær dýrmætu manneskjur sem ég kynntist og vil ekki að gleymist. Þetta eru minningar sem hafa búið með mér lengi en ég lítið hugsað um. Svo var það fyrir um tveimur árum að Sigurlaug Margrét Jónasdóttir bað mig um að koma í þáttinn Gestaboð á Rás 1 til að rifja upp minningar mínar frá Bessastöðum. Ég taldi af og frá að ég gæti haldið uppi heilum þætti með slíku upprifjun því ég var aðeins níu ára gömul þegar afi minn Ásgeir Ásgeirsson hætti sem forseti. En Sigurlaug Margrét gaf sig ekki og við það að opna fyrir þessar minningar tóku enn fleiri að streyma fram, ekki síst frá Hraunkoti í Lóni í A-Skaftafellssýslu

þar sem ég var í sveit í sex sumur, frá uppvaxtarárunum í Vesturbænum og atvikum innan fjölskyldu og utan.“ segir Sólveig brosandí. „Ég hef aldrei verið jafn fljót að skrifa. Frásagnarhátturinn og byggingin sem oft krefst mikillar umhugsunar kom einhvern veginn sjálfkrafa. Þegar ég hafði skrifað nokkra kafla hafði ég samband við útgefendur mína sem tengdu um leið fullkomlega við það sem ég var að gera. Fyrir það er ég mjög þakklát því ég hef fram að þessu markað mér braut sem glæpasagnahöfundur.“

Við fengum leyfi til að birta upphaf kafla en þar er Sólveig 10 gömul sett í það hlutverk að vera leiðsögumaður David, kærasta elstu systur sinnar Dóru, en hann hafði komið óvænt til landsins daginn áður og kasóléttri systurinni varð svo mikið um að hún er komin á fæðingardeildina. Það er janúar 1970 og kærastinn sem er ættaður frá Indónesíu sker sig úr á hinu nær alhvíta Íslandi.

## Water Reykjavík

Klukkutíma síðar stóðum við



Sólveig Pálsdóttir rithöfundur.

tvö á Ægisíðunni og bíðum eftir leið 4 Hagar-Sund. David klæddur öllum sínum hlýjustu fötum frá Arizona: Rauðbrúnum mittisjakka úr eins konar flísi með röndóttri teygju í mittið og stórum stöfum að framan og aftan. Svo er hann í bláum joggingbuxum úr bómull og áberandi íþróttaskóm. Ég hef aldrei séð svona fatnað áður enda enn allmörg ár í að jogginggallar komust í tísku á Íslandi. Ofan á þennan óvenjulega klæðnað bætist



Klettaborgin heitir ný bók eftir Sólveigu Pálsdóttur

loðhúfan hans pabba, köflóttur trefill og leðurhanskar sem mamma hafði krafist að hann klæddist áður en hann færi út í kuldann.

Mér til léttis eru ekki margir í vagninum en þeir sem þar voru fóru ekki leynt með undrun sína og sneru sig næstum úr hálslið til að glápa á okkur því að auðvitað sest

# KRAFTMIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari. Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.

**FLUGELDAMÁRNADIR**  
BJÖRGUNARSVEITANNA

Notum alltaf flugeldaglasa,  
bæði börn og fullorðnir

**BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL**  
REYKJAVÍK, SELTJARNARNES  
VIÐ SUBURSTRÖND

**REYKJAVÍKSLANDSBJÖRG**

ég aftast. Það er bara gamalt fólk sem situr framarlega í stræti.

„This is a bus,“ segi ég staðráðin í að standa mig í hlutverkinu en mamma hafði lagt ríka áherslu á að ég ætti að sýna David það helsta. Hún hafði líka sagt að við mættum ekki vera of lengi því að von var á barninu á hverri stundu.

„Yes,“ svarar hann og horfir áhugasamur út í snjóinn og á sjóinn.

Hin óhamda athygli, sem vera hans í vagninum vekur, virðist ekki trufla hann hið minnsta.

Við förum út á Lækjartorgi og ég bendi á klukkuna.

„This is the Reykjavík clock,“ segi ég nokkuð ánægð með frammistöðu

mína því að enn eru tvö ár í að ég fari að læra ensku í skólanum. Það litla sem ég kann hef ég lært af foreldrum mínum sem bæði tala nokkur tungumál. Síðan göngum við Lækjargötuna og að tjörninni og þar lendi ég í vandræðum með að útskýra fyrir honum að þetta sé sjálf Tjörninn:

„Water Reykjavík,“ segi ég loks en hann horfir ráðvilltur á mig.

Við stöldrum dágóða stund við hjá Iðnó því að David reynir eftir bestu getu að ráða í það sem ég er að reyna að segja á meðan ég velti vöngum yfir tjörninni. Mig langar mjög mikið til að segja honum að fólk leyfi litlum börnum að gefa öndunum brauð því að mér finnst afar mikilvægt að hann viti það nú

þegar litill frændi eða litill frænka er á leið í heiminn. Ég reyni nokkur orð en ekkert gengur.

„Do you mean the church?“ spyr hann loks og eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir skil ég orðið.

„Oh, yes! This is a church,“ segi ég glöð og bendi á Fríkirkjuna „And this is a church.“ Nú lyfti ég fingri upp í loftið í tilraun til að vísa í háan turn Hallgrímskirkju. „Now go!“ Ég gríp undir handlegg hans og dreg hann af stað út á Austurvöll. „This is a church,“ tilkynni ég hæstánægð og bendi á Dómkirkjuna and this is Jón Sigurðsson. Now go bus!“

Við David höfum stundum rifjað upp þessa fyrstu skoðunarferð um Reykjavík og hlegið að allri þessari

kirkjukynningu en fjölskylda hans er Múhameðstrúar. Sjálfur trúir hann ekki á neitt nema KR og þá fyrst og fremst körfuboltann.

Þau Dóra eignuðust þrjá syni og hann lagði sig svo fram við íslenska siði að hann las stutta bæn með þeim þegar þeir voru komnir upp í rúm á kvöldin. Hún var svona: „Faðir vor, þú sem ert bla, bla, bla, æ, ég man þetta ekki svo að ég ætla að syngja ykkur í svefn.“ Svo söng hann Stranger in the night með djúpri Frank Sinatra sveiflu í röddinni.

Synir hans stóðu lengi í þeirri trú að þessi melódramatíski söngur væri indónesískt þjóðlag.

*Klettaborgin bls. 132-134.*

## Lausaganga hunda er bönnuð



Labradorinn er fallegur, húsbóndahollur og hlíðinn en það dugar ekki til. Hann má ekki ganga laus frekar en aðrir hundar.

Samþykkt hefur verið að brýna enn frekar fyrir fólki að lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi.

Farið hefur verið yfir eftirlit með hundahaldi og verklagsreglur. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að fá verktaka til að sinna hundaeftirliti í bænum sem miðast við reglur bæjarins. Þá að ljúka við að setja upp greinargóð skilti til áminningar.



# Dekraðu augun

Augnhvílan getur minnkað þreytu í augum, hvarmabólgu og haft jákvæð áhrif á augnþurrk, vogris, rósroða í hvörmum/augnlokum og vanstarfsemi í fitukirtlum.



Augnhvílan er auðveld í notkun, hún er einfaldlega hituð í 30 sekúndur í örbylgjuofni og lögð yfir augun í 10 mínútur.

  
provision  


Fæst í helstu apótekum og Eyesland gleraugnaverslunum

Gerðu  
góðverk  
í dag

907 2002

 Hjálparstarf  
kirkjunnar  
www.help.is

# Ég hef sótt í kuldann

- segir Bjarki Kaldalóns Friis náttúruvásérfræðingur sem hefur bæði starfað á Norðaustur Grænlandi og Svalbarða

**B**jarki Kaldalóns Friis náttúruvásérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands býr á Seltjarnarnesi. Þótt ævi hans hafi að mestu liðið áfram erlendis á hann sterkar íslenskar rætur – rætur sem eru grónar á Seltjarnarnesi. Móðir hans er Karen Kaldalóns. Dóttir Selmu Kaldalóns og Jóns Gunnlaugssonar lækni sem lengi bjuggu á Seltjarnarnesi. Gunnlaugur Jónsson guðfræðiprófessor er móðurbróðir hans og Bjarki og Jón von Tetzchner tölvufræðingur og athafnamaður eru systrasynir. Bjarki fæddist í Danmörku árið 1974. Faðir hans er Henrik Friis. Henrik er danskur en ólst upp á Grænlandi og bjó þar árum saman. Nesfréttir hittu Bjarka á kaffihúsinu Örnú á Eiðistorgi á köldu síðdegi í byrjun desember. Það blés utan dyra en það fékk ekki á Bjarka. Hann er greinilega vanur kulda en hafði þó ákveðið að klæðast lopapeysunni þann daginn. Eftir evrópskt kaffi með mjólk sem er ekki aðeins drukkið í 101-um heldur líka á Seltjarnarnesi var spjallað saman.

Bjarki ólst fyrstu árin upp í Meistaravík á Grænlandi en síðar í Noregi. Til er saga um hvernig kynni foreldra hans bar að. Henrik Friis starfaði á þeim tíma fyrir Sírius-varðflokkurinn sem var stofnaður árið 1950 og hafði bækistöðvar sínar í Danaborg á Norðaustur Grænlandi. Varðflokkurinn hafði meðal annars þann starfa að gæta hagsmuna danska ríkisins á svæðinu, annast hernaðarlegt eftirlit, aðstoða vísindaleiðangra og kanna dýralíf. Varðflokksmenn höfðu jafnan langa útivist. Voru við störf í 26 mánuði samfleytt en fengu einnar viku frí eftir eitt ár til þess að fara til tannlæknis á Íslandi og njóta lífsins. Henrik Friis fór í frí til Íslands og hitti stúlku sem starfaði á hótelinu þar sem hann gisti. Hún heitir Karen Kaldalóns og ekki varð aftur snúið. Hún flutti út fyrst til Danmerkur 1972 og Bjarki er fæddur tveimur árum síðar 1974 og svo til Grænlands 1975. Bjarki hefur erft ævintýralöngun frá föður sínum og starfaði sjálfur um tíma hjá Sírius varðflokknum á Grænlandi. Hann hefur einnig starfað á Svalbarða sem jarðfræðingur. Engu líkara er en að hann hafi sótt í kuldann.

## Fortíð föður míns blundaði í mér

„Faðir minn er danskur en fæddur á Grænlandi. Foreldrar hans voru dönsk en bjuggu á Grænlandi í nær þrjú áratugi. Þau eru nú fallin frá og pabbi og mamma hafa búið í Noregi í yfir fjóra áratugi. Það er ekki dropi af grænlenksku blóði í mér og ég tala ekki grænlenksku að neinu gagni. Ég gekk aldrei í skóla þar, þar sem var enginn skóli. Engu að síður

blundaði þessi fortíð föður míns og afa og ömmu í mér. Mig langaði til að kynna þessum slóðum sem eru hluti af lífi þeirra. Þannig kom til að ég ákvað að sækjast eftir inngöngu í Sírius flokkinn þar sem faðir minn hafði starfað um tíma.“ Bjarki segir það hafa tekið tíma að fá inngöngu í hann. „Ég var sjónskertur sem barn. Man að ég sá illa á skólatöfluna. Menn þurftu hins vegar að standast stranga sjónmælingu og hafa fulla sjón til þess að fá inngöngu í Sírius. Svo komst ég að því að laga mátti sjónina með laser aðgerð og eftir hana greindist ég með fulla sjón. Þá gat ég sótt um. Ég fór á sex mánaða undirbúningsnámskeið. Þar fengum við þjálfun í að takast á við ýmislegt sem getur gerst á þeim slóðum sem Sírius starfar. Við þurftum að læra að gera einfaldar aðgerðir vegna slysa eins og að búa um sár og fleira. Við þurftum einnig að geta gert við það sem aflaga fer því að ekki verður hlaupið eftir hjálp til næsta bæjar. Þess vegna verðum við að vera sæmilega heima í vélfræði og lagtækir rafeindavirkjar.“

## Úr 15 gráðu hita í 40 gráðu frost

Þú varst á Grænlandi fyrstu ár bernskunnar. Hvernig var að koma þangað aftur. „Ég mundi ekkert mikið eftir árunum á Grænlandi. Ég var svo ungur. Mér fannst allt svo lítið þegar ég kom þangað aftur fullorðinn. Til dæmis húsín. Í barnsmínninu voru þau mikið stærri. Vera má að það stafi af því hversu lítill ég var þá. En þarna var ég líka á ólíkum slóðum á Norðaustur Grænlandi. Í algeru vetrarriki. Ég hafði sótt um og verið



Fjölskyldan. Bjarki, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og dóttir þeirra Katla Cecilia.

á námskeiði sem allir sem sækja um inngöngu í flokkinn þurfa að fara í gegnum. Föstudag nokkurn í mars 2005, skömmu áður en eitt Síriusnámskeiði lauk hringdi yfirmaður minn í mig. Einn varðliða Síriusflokksins hafði kalið á fótum. Hann þurfti á læknaaðstoð að halda og verð að fara heim. Mér var sagt að búa mig til ferðar. Ég hafði snör norðlægrar breiddar. Þar var 40 stiga frost. Ég hafði verið í 15 stiga hita. Munurinn var 55 gráður. Ég var 12 daga í þjálfun í Norðursetu en að því loknu hófst hin langa ferð suður á bóginn. Hún stóð í þrjú mánuði.“

## Tíu metra frá ísbirni

Þú hefur eflaust frá ýmsu að segja frá dvölinni í Sírius-flokknum. Á slóðum sem eru um margt ólíkar því sem við þekkjum hér heima. Þurftirðu aldri að berjast við ísbirni. „Jú við lentum í þeim. Ég man sérstaklega eftir einu atviki þar sem bangsi kom við sögu. Ég man að dag nokkurn meðan á ferðinni stóð höfðum við, ég og félagi minn náð háttum í gömlum veiðikofa eftir slæmt færi og erfiðan dag. Eftir að hafa tjóðrað hundana höfðum við talstöðvarsamband við Danaborg eins og venjuleg á kvöldin. Allt í einu fóru hundarnir að gelta. Það þýddi að einhver eða eitthvað var í nánd. Óralangt var til næstu stöðvar og fáir á ferli um þessar slóðir. Best að vera við öllu



Á ferða á snjósleða á Svalbarða.



Borpallur í fjöllum á Svalbarða þar sem Bjarki starfaði meðal annars við kolaleit.



Vinna við mælingar í kolanámu á Svalbarða.

búinn svo ég greip byssu og þaut út. Félagi minn kom á eftir með myndavél og byssu. Hundarnir sátu og horfðu allir í sömu átt. Viti menn. Þarna kom stóreflis ísbjörn röltandi og stefndi í áttina til okkar. Við byrjuðum að hrópa og kalla og skutum nokkrum neyðarblysum að birninum. Hann virtist ekki taka eftir þeim. Þá skutum við nokkrum blysum í feld bjarnarins en hann lét þau engu máli skipta heldur hélt áfram í áttina að okkur. Þegar aðeins innan við tíu metrar voru eftir til hundanna skaut ég síðasta blysinu og lenti það í síðu bjarnarins án

þess að hann sýndi nein viðbrögð. Ég hugsaði mig um hvað ég ætti að gera. Ætti ég að skjóta hann. Ætli hann félli strax við fyrsta skot eða næði hann að ráðast á okkur. En þess þurfti sem betur fer ekki. Bangsi skipti allt í einu um skoðun. Hann sneri við og rölti á brott. Innan skamms var hann horfinn sjónum og sameinaðist landslaginu.“

#### Lagnaðarísinn hefur breyst

Annars stafar mesta hættan á þessum slóðum ekki af ísbjörnum þótt þeir láti sjá sig annað slagið,“ segir Bjarki. „Mesta hættan stafar af

lagnaðarísnum á haustin. Hann er þunnur þótt hann sé seigur. Þess vegna fara menn stundum lengra út á ísinn en óhætt er. Ef maður fellur niður um vök getur verið erfitt að koma sér upp úr, því að skörin brotnar stöðugt undan manni. Seinni hluta vetrar og á vorin er hættan minni. Þá er ísinn þykkari og heldur betur. Önnur helsta hættan er veðrið því skyndilega getur brostið á með stormi og hríð.“ Þegar Bjarki er inntur eftir því hvort veðurfar hafi breyst á Grænlandi á undanförunum árum segir hann veðrið vindasamara. Það snjóí meira

en þegar foreldrar sínir hafi búið í Meistaravík. Áður fyrr hafi verið meiri stillur og mun kaldara. „Fram að aldamótum 2000 var hægt að fara á hundasleðum frá Danaborg suður til Meistaravíkur að hausti til, sem er um 200 km leið. Undanfarin átta ár hefur firðina lagt seinna á haustin en áður og ísinn verið of þunnur og erfiður yfirferðar til þess að við hættum okkur í slík ferðalög. Hugsanlega er þetta dæmi um hnattræna hlýnum. Þetta geta einnig verið eðlilegar sveiflur í veðurfari.“

*Framhald á bls. 14.*

# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál

að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upp-  
hæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð  
gjafakortið á [landsbankinn.is/gjafakort](https://landsbankinn.is/gjafakort).



Framhald af bls. 12-13.

**Jarðfræðin hentaði mér vel**

Þrátt fyrir að hafa alist upp á Grænlandi fyrstu þrjú og hálf ár ávinningar liggur ævi Bjarka að miklu leyti í Noregi. „Faðir minn fékk vinnu í Noregi 1980 og þá fluttum við þangað frá Grænlandi. Ég á nánast enga uppeldissögu á Íslandi. Það er ekki fyrr en ég sækir um MS-nám við Háskóla Íslands haustið 2008. Ég hafði lært húsasmíði í Danmörku og verið þrjú ár í háskóla í Noregi og Svalbarða, en þá var ég búinn að vera í Síríusflokknum á Grænlandi í þrjú og hálf ár. Ég var búinn að heyra margar sögur þaðan frá föður mínum. Það hefur eflaust aukið áhuga mín á að prufa þetta. Ég var líka um tíma leiðsögumaður á Suðurskautinu, Grænlandi og Svalbarða. Eftir Grænlandsdvölina var námsáhugi minn enn til staðar til að klára MS. Ég sótti um inngöngu í Háskóla Íslands. Ég lærði þar jöklafræði þar sem ég sat á skólabeck á árunum 2008 til 2011. Hún hentaði mér vel. Kannski var það útivistarmaðurinn og náttúrubarnið sem dróg mig að henni. Eftir að hafa lokið prófi var engin vinnu að hafa hér á landi.



Bjarki á ferð með hundasleða á Norðaustur Grænlandi.

Áhrifa hrunsins gætti enn svo ég fór að leita fyrir mér erlendis.“

**Fékk vinnu á Svalbarða**

„Þarna var ég kominn með konu. Hafði fest ráð mitt eins og það er kallað. Hún heitir Anna Mjöll Guðmundsdóttir og er aðjúnt við HÍ í ferðamálafræði og ættuð úr Hafnarfirði. Ég hafði varla vitað hvað Hafnarfjörður var áður en við kynntumst. Eitthvað sem maður keyrði í gegn um á leiðinni til og frá Keflavíkurflugvelli. Ég fór að leita

mér að vinnu og þar sem foreldrar mínir búa í Noregi og ég er alinn þar með mestu leyti upp leitaði hugurinn þangað. Þetta endaði með því að ég fékk tilboð um vinnu á Svalbarða sem jarðfræðingur á vegum námufyrirtækis. Ég sló til og við höldum norður á bóginn. Ég fór að vinna fyrir kolanámufyrirtæki. Þetta reyndist fjölbreytt starf. Hluti af því var skrifborðsvinna en fólst einnig í því að finna nýja staði. Allt upp í 1000 metra hæð. Það er talsvert af kolum á Svalbarða og þau eru eftirsótt vegna þess hversu þau eru hrein og brennanleg. Þau eru kölluð

hágæðakol og skapa minni mengun. Þetta starfar af jarðfræðilegum aldri þessa svæðis. Þetta eru upp til 65 milljón ára gömul kol og allt önnur en brúnkolin sem víða eru notuð. Ég var að sumu leyti komin aftur í kunnuglegt umhverfi þótt vetrarríkið væri ekki það sama í Danaborg á Grænlandi. Þar er nokkur fjöldi ísbjarna. Þeir eru þó þarna á sveimi og leita stundum inn í Longyearbyen sem er einkonar höfuðstaður syðst á eyjunni. Einkum ef lítið er um æti. Þeir eru friðaðir en þó þarf einstöku sinnum að aflífa þá ef líf fólks er í hættu. En því fylgir lögreglurannsókn.“

**Seltjarnamesið verður að duga – alla vega í bili**

En svo er ævintýrunum lokið og þið ákveðið að koma heim. „Lokið í bili,“ segir Bjarki og lýkur úr kaffibollanum. „Mig var farið að langa til þess að prufa að búa á Íslandi. Konan er íslensk – fædd og alin upp hér heima. Hún vildi ekki búa á Svalbarða til eilífdar. Löngunin um Grænland kemur stundum upp í hugann. Kannski eigum við eftir að fara þangað? En varla til þess að ílengjast. Við eigum líka dóttur, hún Katla Cecilia, þriggja ára. Ég held það myndi ekki ganga. Seltjarnames verður að duga. Alla vega í bili.“

**AS WE GROW**

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



WWW.ASWEGROW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

*Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu.*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



# Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR  
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



---

**zonnic®** TAKTU STJÓRNINA!

---

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sigarettar væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

# Draumurinn um hærri skatta

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir næsta ár var samþykkt 9. desember síðastliðinn. Rekstrarniðurstaða er áætluð neikvæð um 136 milljónir. Áhersla er lögð á að verja grunnþjónustu við bæjarbúa án þess að íþyngja þeim með auknum álögum. Sem fyrr eru fræðslumál og félagsþjónusta lang fyrirferðamest og nema um 75% af tekjum bæjarins. Af augljósum ástæðum er áætluðum útsvarstekjum stillt í hóf í miklu atvinnuleysi en vonir standa þó til að bærinn, rétt eins og efnahagslífið, geti náð sér hratt á skrið þegar viðspyrnan hefst á næsta ári.

## Þrengingar alls staðar

Eins og við var að búast hefur Corona veiran leikið efnahagslífið grátt og þar með opinberan rekstur sem er auðvitað bein afleiðing þó mörgum finnist erfitt að skilja það. Mörg hundruð milljarða króna hallarekstur og skuldasoðnun blasir við ríkissjóði og mörg sveitarfélög eru komin í afar þrönga stöðu. Fjöldi heimila og fyrirtækja eru í sárum eftir efnahagslegt bylmingshögg, enda skyndilegt tekjufall og atvinnuleysi án fordæma. Sveitarfélögin fimm í Kraganum hafa birt fjárhagsáætlanir sem eru samtals 3 milljarðar í

mínus. Auk þess gerir Reykjavíkurborg ráð fyrir tæpum þriggja milljarða halla af samstæðu og 11 milljarða krónu halla af A hluta. Í Reykjavík er útsvar í hámarki hjá Samfylkingu og Viðreisn, 14,52% og er það líklega augljósasta dæmið um að rekstur sveitarfélaga snýst ekki um hámarksskattheimtu.

## Töfralausn minnihlutans verður ekki jólagjöfin í ár

Við umræðu um fjárhagsáætlun í fyrra lagði minnihluti Samfylkingar og Viðreisnar á Seltjarnarnesi tillögu um hækkuð útsvars úr 13,7% í 14,48%. Í ár bókaði svo Samfylkingin að „eðlilegt“ sé að hækka skatta sem þessu nemur í ljósi ástandsins!

Áskoranir í rekstri bæjarins snúast ekki um útsvarstekjur. Í nýútkominni Árbók sveitarfélaga sést að í fyrra greiddu Seltirningar 4% herra útsvar á mann en Kópavogsbúar, liðlega 9% herra en Hafnirðingar og tæp 12% herra en Mosfellingar. Enn fremur greiddum við 6,6% herra útsvar á mann en Reykvíkingar þó þar sé álagningarstuðull í hámarki. Nú hafa laun hækkað um rúmlega 7% á síðastliðnum 12 mánuðum. Hver Seltirningur greiddi að meðaltali 734 þúsund kr. í útsvar á síðasta ári og má því

gera ráð fyrir að sú tala verði komin í 785 þúsund í lok þess árs vegna mikilla launahækkana. Sambýlisfólk greiðir þá 1.570.000 krónur í útsvar á ári.

Hugmyndin gengur sem sagt út á að sambýlisfólk á Seltjarnarnesi borgi um 90.000 krónur meira í útsvar á næsta ári. Það er einkennileg nálgun í mesta samdrætti lýðveldissögunnar og með hreinum ólíkindum að slík hugmynd hafi verið lögð fram, og líklega án fordæma.

## Seltjarnarnesbær stendur sterkum fótum

Þegar Corona kreppan skall á stóðum við Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn í miðjum hagræðingaraðgerðum til að bæta reksturinn og ná vopnum okkar eftir þungt uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú, áherslna í skólumálum og aukins þunga í félagsþjónustu. Aukinheldur, og það sem skiptir meira máli, var skuldastaða bæjarins með því besta sem þekkest. Hún er það enn. Villandi máflutningur minnihlutans um óviðráðanlegar skuldir vegna hjúkrunarheimilisins og íþróttahúss standast ekki skoðun enda greiðslubyrðin af mannvirkjunum mest á ríki og Reykjavíkurborg. Bærinn er því í aðstöðu til að verjast vel þeim áföllum sem nú dynja yfir og nýtur góðs af þeim aðgerðum sem þegar hefur verið farið í. Það er full ástæða til að vera bjartsýn enda bærinn í öfundsverði stöðu til að sækja enn frekar fram og skara fram úr í þjónustu við bæjarbúa.

Jólaþakveðja,  
Magnús Örn Guðmundsson  
Forseti bæjarstjórnar og  
formaður bæjarráðs



Magnús Örn Guðmundsson.

# Gleðileg jól

og farsælt komandi ár



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi  
s. 551 1266 | utfor@utfor.is  
utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM  
ALLAN SÓLARHRINGINN



# Afsakið hlé

Kæru seltirningar, hér í Selinu á Seltjarnarnesi hefur verið frábært að vinna og finn ég mig því knúna til að segja ykkur aðeins frá. Hér hef ég unnið í sterku og faglegu teymi, æskulýðsstarfið í Selinu var margrómað og náði jafnvel að lokka hressa hafnirönginga eins og mig til starfa, þvert yfir höfuðborgarsvæðið. Selið er því sannkölluð perla.

En nú verður breyting á, reynslumesti stjórnandi Selsins gerði athugasemdir við niðurskurð í Selinu og sagði upp störfum.

Í kjölfarið var ákveðið að taka hlé og ráða engann í staðinn. Fyrirhugaður niðurskurður óx því á augabragði ofan í fordæmalusan heimsfaraldur. Undirtónninn í þessari ákvörðun hljómar eins og Selið hafi komið sér í þessa stöðu alveg sjálft, starfsmaðurinn fór og honum var nær. Ýtt hefur verið harkalega á pásu hjá perlunni okkar allra og þar með félagsstarfi barnanna og unglínganna okkar. Til þess að skýra stöðuna betur mætti segja að þær breytingar sem gerðar hafa verið á Selinu séu eins og ef íþróttalið gengi í gegnum þjálfarskipti, en eigandi liðsins neitaði að ráða nýjan þjálfara. Fyrirliðinn og leikmenn halda þó áfram að spila og gera sitt besta, leikurinn heldur áfram. Við í Selinu sjáum ekki ástæðu til þess að snúa baki við unglíngunum og höldum að sjálfsögðu áfram að gera okkar besta, áfram gakk. Þó er nauðsynlegt að það standi einhverstaðar skýrt að Selið er með þessum breytingum ekki fullbúin félagsmiðstöð. Einn stjórnandi með fagmenntun dugar ekki til að halda áfram því flotta fagstarfi sem Selið er þekkt fyrir, hvað þá að þróa það eitthvað áfram. Ég og annað starfsfólk Selsins erum því tilbúin í startholunum, eftir þetta hlé, að endurreisa framúrskarandi æskulýðsstarfið sem við þekkjum hédan af nesinu. Við vonum því innilega að þetta sé einungis hlé og að því ljúki sem allra fyrst.

Jóna Rán Pétursdóttir  
Forstöðumaður Selsins



Jóna Rán  
Pétursdóttir.

## Helgihald í streymi yfir jól og áramót á facebókarsíðu Seltjarnarneskirkju



### Sunnudagurinn 20. desember

Helgistund kl. 11. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur, þjónar. Barnakór Seltjarnarneskirkju syngur undir stjórn Þorsteins Freys Sigurðssonar. Undirleikari er Friðrik Vignir Stefánsson, organisti Seltjarnarneskirkju.

### Aðfangadagur 24. desember

Hátíðarhelgistund kl. 18. Sóknarprestur þjónar. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja.

### Jóladagur 25. desember

Helgistund á helgum jólum kl. 14. Sóknarprestur þjónar. Dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson, héraðsprestur, flytur hugleiðingu. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja.

### Sunnudagurinn 27. desember

Helgistund kl. 11. Sóknarprestur þjónar. Hljómsveitin Sóló leikur og syngur.

### Gamlársdagur 31. desember

Hátíðarhelgistund kl. 18. Sóknarprestur þjónar. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Félagar úr Kammerkórnum syngja.

### Nýársdagur 1. janúar

Hátíðarhelgistund á fyrsta degi ársins. Sóknarprestur þjónar. Ólafur Sigurðsson, fv. varafréttastjóri, flytur hugleiðingu. Organisti kirkjunnar leikur á orgelið. Félagar úr Kammerkórnum syngja.

Tæknimaður á öllum þessum stundum er Sveinn Bjarki Tómasson.

### Lestur Aðventu Gunnars Gunnarssonar

Sóknarnefndarmenn í sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju lesa Aðventu Gunnars Gunnarssonar á jólafoðstunni. Hægt er að hlýða á lesturinn á heimasíðu kirkjunnar: seltjarnarneskirkja.is og á fésbókarsíðu Seltjarnarneskirkju frá 15. desember. Eftirfarandi sóknarnefndarmenn lesa: Gunnlaugur A. Jónsson, Sigurður J. Grétarsson, Ólafur Egilsson, Guðmundur Einarsson, Steinunn Einarisdóttir og Erla Hrönn Aðalgeirsdóttir.

*J&S Watch co.*  
REYKJAVÍK

*Gefðu tíma um jólin*



**GILBERT**  
ÚRSMIÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

# Umferðaröryggi á Nesinu

Nú þegar mesta skammdegið hefur gengið í garð langar okkur að biðla til bæjarbúa að gæta ítrasta öryggis og sýna tillitssemi í umferðinni. Þá ber sérstaklega að hafa í huga yngstu íbúana okkar sem eru á ferðinni á leið í og úr skóla og tómstundum í myrkrinu. Einnig viljum við minna á mikilvægi endurskinsmerkja á þessum dimmasta tíma ársins fyrir alla aldurshópa.

Nýverið hafa borist fregnir af því a.m.k. tvívegis að legið hafi við slysi á börnum á stöðum sem öllu jafna ættu að teljast öruggir gangandi vegfarendum. Annars vegar á gatnamótum Suðurstrandar og Nesvegar þar sem eru gönguljós og blikkandi aðvörunarljós sem varar öikumenn við þegar gönguljós er grænt. Hins vegar við gangbraut á Lindarbraut til móts við Hofgarða þar sem strætisvagn hafði stöðvað og ungur vegfarandi gekk yfir gangbrautina á sama tíma og ökumaður bifreiðar tekur fram úr vagninum og stefnir yfir gangbrautina.

Það er ljóst að enginn vill verða valdur að slysi, og sem betur fer hlaut ekki líkamstjón af í þessum tilvikum þótt hurð hafi skolið nærri hælum. Þessi atvik eru okkur mikilvæg áminning um að hafa ávallt varann á í umferðinni og að dreifi er of varlega farið. Alls staðar á Nesinu má búast við gangandi vegfarendum sem eru á leið á milli hverfa.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að á heimasíðu grunnskólans er að finna leiðbeiningar um bestu gönguleiðir í skólann þar sem þvera þarf umferðaræðar ásamt korti sem sýnir hvernig best er að fara í gegnum íbúðahverfi þar sem minni umferð er og hægari, frekar en að fylgja stofnbrautunum þar sem bæði umferð og umferðarhraði er meiri. Einnig er gott að brýna fyrir börnunum að nýta gönguljós þar sem þau eru í boði, sjá meðfylgjandi mynd og á

Bærinn hefur lagt kapp á að gera sem besta aðkomu þar sem hægt er að hleypa börnum úr bílum þegar þeim er ekið í skólann. Annars vegar er hringakstur við Nesveg þar sem hægt er að taka hring inn á svokallað sleppistæði. Þar eru bifreiðastöður bannaðar á skólatíma en hægt er að stoppa stutta stund til að hleypa börnum út án þess að keyra þurfi inn á svæði þar sem eru margir gangandi vegfarendur. Ekki er æskilegt að keyra inn á Hrólfskálamelinn til að hleypa börnum út því þar er gert ráð fyrir sorphirðu og annarri umferð íbúa og er því beint til foreldra að nota heldur sleppistæðið við Nesveg. Þá er hringtorg fyrir neðan inngang íþróttahússins þar sem hægt er að stoppa stutta stund og hleypa börnum út á gangstíg sem liggur að skólum, tónlistarskóla og að sjálfsgöðu íþróttahúsi.

Öryggi gangandi vegfarenda verður einnig bætt með því að merkja betur gangbrautir og bæta lýsingu við gangbrautir svo þær verði sýnilegri. Miklar endurbætur voru gerðar á bílplaninu við Eiðistorg í sumar og gönguleiðir við og yfir planið gerðar öruggari og meira áberandi. Foreldrum skólabarna er bent á að beina þeim þó heldur sunnanmegin Nesvegar og inn í hverfið fremur en á bílplaninu á leið í og úr skóla. Þar stendur þó til að færa gönguljós yfir Nesveg við Eiðistorg nær Mýrunum svo ekki þurfi að þvera innkeyrslu inn á bílplaninu, í því skyni að gera gönguleiðina öruggari.

Einnig er á döfinni að skipta um ljósastýringarbúnað á gatnamótum Suðurstrandar og Nesvegar þannig að hægt sé að hafa ljósastillingu með þeim hætti að einvörðungu verði grænt á gangandi vegfarendur (og rautt á bílaumferð á meðan) svo gangandi geti öruggir þverað þessi stærstu gatnamót á Nesinu. Enn fremur var samþykkt á síðasta fundi skipulags- og umferðarnefndar að færa stoppistöðina á horni Lindarbrautar og Hofgarða norðar eftir Lindarbrautinni, milli Hofgarða og Bollagarða, til að bæta sjónlínur og öryggi vegfarenda að ráði samgönguverkfærðings. Þá er í skoðun að lækka umferðarhraða á einstaka götum bæjarins.

Með von um að við leggjumst öll á eitt um að gera Nesid öruggara fyrir vegfarendur.

Bestu óskir um gleðileg jól.

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður skipulags- og umferðarnefndar  
Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður skólanefndar



<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/media/grunnskolin/myndir-09-myro/gongukormyro.pdf>

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.


Iris, Alexandra og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12  
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



## ÓPIÐ allan SÓLARHRINGINN Í VEFVERSLUN SPILAVINA

Suðurlandsbraut 48 (bláa húsunum í Skeifunni) • [www.spilavinir.is](http://www.spilavinir.is)



**Opið bréf til bæjarstjórnar og íbúa á Seltjarnarnesi.**

# Hver er staðan í æskulýðs- og forvarnarmálum á Seltjarnarnesi?

Reykjavík 10.12.2020

Stjórnir Samfés, FÍÆT og FFF lýsa yfir verulegum áhyggjum af niðurskurði í faglegu starfi félagsmiðstöðvar og ungmennahúss á Seltjarnarnesi.

Það vekur athygli og furðu að verið sé að skera niður í mikilvægu æskulýðs- og forvarnastarfi á sama tíma og önnur sveitarfélög eru að auka opnanir, fjölga starfsfólki og leggja aukna áherslu á jöfn tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu, faglegu og stafrænu starfi.

Ástæðan fyrir þessu bréfi er að okkur er verulega umhugað um stöðu ungs fólks, þeirra velferð og vellíðan á tímum hertra aðgerða og samkomubanns vegna COVID-19. Því teljum við að nauðsynlegt sé að bregðast strax við, taka höndum saman og setja kraft í starfið í stað þess að draga úr þjónustu og æskulýðsstarfi með minnkuðu starfshlutfalli. Núna er

enn mikilvægara en áður að standa með og byggja á faglegu og virku forvarnastarfi og sjá til þess að sveitarfélagið sé undir það búíð að mæta ungu fólki og vera til staðar fyrir þau þegar að raunveruleg langtímaáhrif Covid-19 verða ljós.

Það er ósk okkar sem fagaðila að þið, þvert á raðir, endurskoðið og snúið þessari óheillaþróun við sem allra fyrst með ykkar fagfólki og með sameinuðum kröftum, virkri þátttöku unga fólksins, foreldrasamfélagsins og sveitarfélagsins í heild.

Ef bæjarstjórn heldur sinni stefnu og staðfestir um 40% niðurskurð á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Selsins og hættir starfsemi ungmennahússins Skeljarinnar á tímum heimsfaraldurs, er ekki bara verið að setja núverandi starfsfólk í ómögulega stöðu heldur verða einnig gæðaviðmið sem önnur sveitarfélög setja í þessum málaflokki langt undir því sem telst ásættanlegt.

Nú er færi á að senda unga fólkinu

þau skilaboð að þau séu í forgangi í sveitarfélaginu og virk þátttaka þeirra sé lykillinn að bata og stór hluti af lausninni.

Miðað við núverandi stöðu og stefnu sveitarfélagsins er ekki annað hægt en að velta upp spurningum og óskum við þess að bæjarstjórn svari okkur og ekki síst íbúum.

- Hver eru rökkin fyrir þessum mikla niðurskurði í starfi félagsmiðstöðvar?

- Hefur farið fram mat á langtímaafleiðingum niðurskurðar í málaflokknum?

- Voru þessar ákvarðanir teknar í virku samtali við ungt fólk?

- Voru þessar ákvarðanir teknar í samráði við foreldrasamfélagið?

- Hver stýrir og sér um forvarnarmál sveitarfélagsins í dag?

Fjárfesting í aukinni og betri þjónustu við börn og ungmenni er

mikilvæg og þörf langtímafjárfesting. Með því að halda úti þjónustu og tryggja öflugt starf barna og ungmenna í starfi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa væri án efa verið að spara sveitarfélaginu verulega fjármuni til langs tíma.

Um leið og við óskum eftir málefnalegum svörum, bjóðum við bæjarstjórn að eiga samtali við okkur, með þá fagþekkingu og reynslu sem býr í félögunum þremur.

Samfés - landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. <https://www.samfes.is/>

FFF - Félag fagfólks í frístundaþjónustu. <http://fagfelag.is/>

FÍÆT - Félag íþróttá-, æskulýðs- og tólmundafulltrúa á Íslandi. <http://fiaet.is/>



**Píratar**

**óska íbúum Seltjarnarness og landsmönnum öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á árinu 2021**

[piratar.is](http://piratar.is)



Árbæjarsafn

**Klassísk leikföng í jólapakkann**  
Safnbúð Árbæjarsafns  
Opíð daglega 13:00-17:00

www.borgarsafn.is



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



**Guðjón Samúelsson**  
húsameistari

HÍB  
ÍSLENSKA BÓKMENNTAFRÉTT  
1816

Guðjón Samúelsson húsameistari var frumkvöðull á mörgum sviðum og átti veigamikinn þátt í nútímavæðingu íslensks samfélags.

Í þessari bók skoðar höfundurinn, Pétur H. Ármannsson, verk og hugmyndir Guðjóns út frá sérstöðu hans sem háskólamenntaðs arkitekts.

**Bókina prýðir fjöldi mynda og teikninga.**

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRÍ BÆJARBÚA

### GLEÐILEG JÓL

#### BJARTAR VONIR VAKNA

Þá er mánuður hátíðar og ljósa genginn í garð. Nú ríkir bjartsýni vegna bóluefnis varðandi nánustu framtíð og vonumst við til að nú loks sjái fyrir endann á veirunni skæðu sem valdið hefur heimsbyggðinni ómældum skaða, ótta og leiðindum.

Það var og er von okkar í félagsstarfinu að geta gert einhverja tilbreytingu nú fyrir jólin. Þegar þessar línur eru skrifaðar þá er enn 10 manna hámarksfjöldi og grímuskylda þannig að enn er ekki vitað hvað verður um tilslakanir.

#### ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið býður eldri borgurum upp á jólatónlist, ljóðalestur og gamanleik úr færanlega farandleikhúsinu sem þeir hafa keyrt á milli öldrunarheimila og félagsmiðstöðva nú undanfarna daga. Til stóð heimsækja félagsstarfið á Skólabraut fimmtudaginn 3. desember en það þurfti að fresta heimsókninni vegna slæms veðurs. Önnur tilraun verður þegar veðrinu slotar og þá vonandi getum við gert þínu meira úr heimsókninni, boðið upp á einhverjar veitingar og haft smá samverustund.

#### FJÖLÞÆTT HEILSUEFLING 65+ Á SELTJARNARNESI

Seltjarnarnesbær og Janus heilsuefling hafa undirritað samkomulag um að Janus heilsuefling taki að sér verkefnið Fjölþætt heilsuefling 65+ á Seltjarnarnesi. Til stóð að fara af stað með verkefnið um mánaðamótin ágúst/september á þessu ári en í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid-19 sem tengdist samkomutakmörkunum, lokun heilsuræktarstöðva og íþróttahúsa, var ákveðið að fresta innleiðingu á verkefninu þar til samkomutakmörkunum yrði aflétt til muna frá því sem þær eru í dag. Nú er búið að taka verkefnið einu skrefi lengra og hér annars staðar í blaðinu er kynning og nánari upplýsingar varðandi verkefnið og skráningu. Hvetjum fólk til að kynna sér verkefnið sem er mjög áhugavert og býður upp á mikla möguleika.

#### JÓLIN

Eins og áður segir þá er genginn í garð mánuður hátíðar og ljósa. Í desember hefur dagskráin okkar og allt umhverfi haft skírskotun í jólahátíðina. Dagurinn okkar "söngur og súkkulaði" þar sem við höfum komið saman og til okkar hafa komið nemendur Tónlistarskólans og aðrir gestir fellur að öllum líkindum niður eins og svo margt annað. Enn og aftur verðum við að sýna þolinmæði og bjartsýni sem er auðveldara nú en fyrri mánuði.

Búið er að finna upp bóluefni sem gerir okkur vonandi ónæm fyrir veirunni sem veldur covid. Mikil bjartsýni er bundin við árangur sem vonandi kemur í ljós fljótlega á næsta ári. Það hefur ýmislegt mátt læra af þessum faraldri og ég er viss um að við hvert og eitt eigum okkar upplifun af honum, bæði góða og slæma og vekur okkur til umhugsunar um ýmis gildi lífsins. Ég vil koma því hér á framfæri enn einu sinni að ég dáist af þeirri þrautseigju, æðruleysi og ábyrgð sem eldri borgarar alla vega hér í félagsstarfinu hafa sýnt frá upphafi faraldursins. Í sameiningu höfum við getað haldið uppi ákveðinni dagskrá sem komið hefur í veg fyrir félagslega einangrun og viðhaldið virkni á svo mörgum sviðum. Það er einlæg von og ósk okkar allra að fljótlega upp úr áramótum getum við aftur tekið upp þráðinn með eðlilegu starfi þar sem við eigum svo ótalmargt inni sem er ógert. Nokkrir nýir dagskrárlíðir voru rétt farnir af stað þega allt varð stopp sem við vonum einnig að verði hægt að endurvekja.

*Starfsfólk Skólabrautar og félagsstarfsins óskar bæjarbúum á öllum aldri, samstarfsfólki og öllum þeim sem komið hafa að starfinu með okkur gleðilegrar hátíðar, árs og friðar og þakkar samveru og góðar stundir.*



# Af íþróttastarfi á tímum Covid-19

Senn kveðjum við Seltirningar árið 2020. Ár sem að fer í sögubækurnar, ár veirunnar sem grasseraði um heimsbyggð alla með íþyngjandi áhrifum á efnahag líf og heilsu almennings. Það hefur verið krefjandi að halda íþrótt- og tómsundastarfinu í gangi undir þessum einstöku aðstæðum. Áhrifin eru margvísleg meðal annars þau, að Gróttta lék ekki einn mikilvægasta heimaleik sinn í efstu deild Íslandsmótsins í fótbolta við nágranna okkar úr KR þar sem, að deildakeppnin var flautuð af í haust og liðið féll úr deild þeirra bestu. Sú staðreynd var náttúrulega vonbrigði, en hún kostaði knattspyrnudeildina líka mikla fjármuni í formi tapaðs aðgangseyris, seldrar þjónustu auk annara styrkja. Glataður tími, töpuð tækifæri, tekjutap, stöðvun afreksstarfsins, takmarkanir á félagsstarfinu og þátttöku sjálfbóðaliða, foreldra, barna og unglunga, þjálfara og forystumanna hefur sett mark sitt á starfið og reynt á þolrif íþróttasamfélagsins.

Það má segja að þetta hafi verið mynstrið heilt yfir, deildir Grótttu hafa fellt niður fjölda skipulagðra viðburða, jafnt kappleiki sem árstíðabundin fjáröflunarmót á barna- og unglungastigi. Stóru áhrifin eru samt fólgin í því að íþrótt- og keppnisfólkið, hefur yfir langan tíma ekki getað æft eða lagt stund á sína íþróttgrein. Sama má segja um hinn almenna íbúa á Seltjarnarnesi sem að hefur ekki komist í sundlaugina eða í aðra heilsurækt á meðan ástandið hefur varað, nema jú að Neshringurinn hefur bjargað miklu sem og

græjurarnar í bílskúrnum. Það er erfitt að tjá sig um langtímaáhrifin, en ljóst að svo langt stopp kann að hafa neikvæð áhrif á þátttöku í íþróttum, jafnvel leiða til brottfalls. Slík áhrif verða ekki mæld í krónum og aurum, en það er ljóst að Gróttta hefur staðið sig vel í að halda utan um starfið á þessum óvissutímum. Það er einlæg von okkar að við sjáum fyrir endann á þessu ástandi og að hlutirnir færast í eðlilegt horf á komandi vikum.

Þrátt fyrir þess óáran þá hefur Seltjarnarnesbær nýtt tímann vel og boðið út og gert samkomulag um kaup og uppsetningu á nýjum led-íljóðljósum á Vivaldi völlinn til þess að færa hann inn í nútímann. Það er ljóst að sú fjárfesting mun auka rekstraröryggi vallarins og skila sparnaði í formi betri orkunýtingar, auk þess sem að völlurinn stenst nú allar kröfur sem eru gerðar til keppnisvalla í fótboltanum.

Fyrirhugðu heilsueflingarstarfi eldri borgara í hinu svokallaða Janusarþrógrammi sem átti að hefjast á haustdögum þurfti því miður að fresta vegna Covid-19. Reiknað er með að það hefjist eins fljótt og auðið er á nýju ári. Þátttakendum verður boðið upp á ýmsar heilsufarsmælingar í upphafi prógrammsins með eftirfylgni, þar verður lögð verður áhersla á afkastagetumælingar, hreyfifærnimælingar auk leiðbeinandi atriða um styrktar og þolþjálfun á efri árum. Viðurkenndar rannsóknir sýna að vöðvamassinn rýrnar með hækkanði aldri og hægt er að sporna við því með

virtri þátttöku í heilsueflandi starfi sem leiðir til aukinna lífsgæða.



**Guðmundur Helgi Þorsteinsson.**

Þrátt fyrir erfitt ár þá er margt jákvætt í íþróttastarfinu og dæmi um að ungir efnilegir íþróttamenn af Seltjarnarnesi hafi haft vistaskipti og sótt á erlenda grund þar sem eftirspurn hefur verið eftir starfskröftum þeirra en það sýnir best að íþróttastarfið ber ávöxt. Það er ómetanlegur hvati fyrir íþróttamennina og verðmætt fyrir samfélagið að þeir komist í annað umhverfi og kynnist annarri menningu og fái nýja þekkingu sem kann síðar að skila sér á heimaslóðir.

Að lokum er rétt að benda á að kjör íþróttamanns Seltjarnarness 2020 fer fram með hefðbundnum hætti í lok janúar 2021 þar sem allir íþróttamenn með lögheimili á Seltjarnarnesi og sýnt hafa framúrskarandi árangur í íþróttgrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands eru kjörgengir, en finna má frekari upplýsingar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.

Gerum árið 2021 að ári heilsueflingar á Seltjarnarnesi.

*Guðmundur Helgi Þorsteinsson, formaður ÍTS*



*Gledileg jól  
og farsælt komandi ár*



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



## Maggi og Pétur áfram með meistaraflokk kvenna

Þann 11. nóvember skrifuðu þeir Magnús Örn Helgason og Pétur Rögnvaldsson undir samning sem þjálfarar meistaraflokks kvenna út næsta ár. Eins og kunnugt er tók Magnús við liðinu haustið 2018 og Pétur tók til starfa sem aðstoðarþjálfari í ársbyrjun 2019. Þeir munu á komandi tímabili stýra liðinu í sameiningu en Gróttu er á leið í sitt annað tímabil í Lengju-deildinni eftir að hafa endað í 6. sæti í sumar.

„Ég er hrikalega spenntur að halda áfram að vinna með þessum efnilega hópi. Maður er sjálfur í yngri kantinum og því frábært að fá tækifæri til að vera aðalþjálfari í meistaraflokki á þessum tímamarki. Við Maggi höfum unnið vel saman og munum gera það áfram“ segir Pétur sem varð 27 ára nú í haust. Magnús tók í sama streng: „Það er stór áskorun fyrir okkur að vinna vel úr reynslunni sem við fengum síðasta sumar. Tækifærin sem Gróttuliðið hefur eru mikil og ég hlakka mikið til að byrja æfingar á ný. Pétur hefur sýnt síðustu ár hve öflugur þjálfari hann er og ég trú því að hann muni eflast enn frekar með stærra hlutverki.“

Birgir Tjörvi Pétursson formaður knattspyrnudeildar skrifaði undir með strákunum. Hann segir að markmið síðustu tveggja ára hafi náðst í sumar og nú sé horft fram á nýja og spennandi tíma. „Við erum á áætlun. Stelpurnar sýndu það í sumar að þær eiga fullt erindi í 1. deild og nú tekur við áskorun um að festa sig enn frekar í sessi sem alvöru lið í deildinni. Við í stjórninni erum spennt fyrir því að halda áfram þróun þessa flotta liðs með þá Magga og Pétur við stjórnvöllinn.“

## Hákon á reynslu hjá Norrköping

Hákon Rafn Valdimarsson, markmaður Gróttu, fór nýlega á reynslu hjá sænska úrvaldsdeildarfélaginu Norrköping.

Hákon, sem er 19 ára gamall, hélt til Svíþjóðar 19. nóvember og dvaldi þar í eina viku. Þegar knattspyrnudeild Gróttu heyrði hljóðið í Hákonni var hann mjög spenntur fyrir þessu tækifæri.



## Líf og fjör í fimleikunum

Mikið líf og fjör hefur verið í fimleikasalnum eftir að æfingar hófust að nýju. Þjálfarar og iðkendur hafa þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum vegna hólfaskiptingar og fjöldatakmarkana en allir hafa staðið sig ótrúlega vel með bros á vör.

Í hléinu sinntu iðkendur heimaæfingum að kappi og eiga hrós skilið fyrir jákvæðni og þrautseigju. Það er áskorun að breyta fimleikakennslu í fimleikasál yfir á rafrænt form en með samstilltu átaki var reynt að hafa æfingar og áskoranir áhugaverðar og spennandi fyrir iðkendur.

Iðkendur úr meistaraflokki Gróttu í áhaldafimleikum og hóp fimleikum héldu til að mynda æfingar í beinni útsendingu á Facebook síðu fimleikadeildarinnar. Þátttakan á æfingunum var góð og fengu stelpurnar í meistaraflokkunum mikið hrós fyrir. Eftir æfingarnar svöruðu stelpurnar spurningum frá yngri iðkendum.

Gróttukrakkarnir voru kynntir til leiks en iðkendur fengu að koma með hugmyndir af nöfnum og að endingu var kosið um tvö vinsælustu nöfnin. Krakkarnir fengu nöfnin Sprettur og Sveifla. Við erum virkilega ánægð með nöfnin og eigum eftir að kynna þeim enn betur í vetur.

Fimleikadeild Gróttu réð til sín nýjan þjálfara í hóp fimleikadeild í haust. Hún var að hefja störf hjá okkur í lok nóvember. Hún heitir Jasmine Sönderlund og kemur frá Svíþjóð. Hún er með margra ára reynslu í þjálfun og hennar sérsvið er dansþjálfun. Hún mun koma að þjálfun allra hóp fimleikahópa félagsins. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna til félagsins.



## Orri á flugi í Danmörku

Gróttumaðurinn Orri Steinn Óskarsson gekk til liðs við danska stórlíðið FC Kaupmannahöfn fyrir rúmu ári, þá 15 ára gamall. Upp á síðastið hefur Orri verið í miklu stuði með yngri liðum FCK.

Hann og félagar hans í U17 ára liðinu eru á toppi deildarinnar þar sem þeir hafa gert eitt jafntefli, unnið rest og skorað 59 mörk í 12 leikjum. Frammistaða Orra Steins, sem hefur raðað inn mörkum í haust, skilaði honum tækifæri með U19 ára liðinu fyrir tveimur vikum og lét Orri ekki bjóða sér það tvisvar. Hann skoraði fjögur mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum með U19 og verður að teljast líklegt að hann spili áfram með því liði á næstunni.



**GETRAUNANÚMER GRÓTTU**

# 170

## Viggó kjörinn sá besti



Viggó hefur farið á kostum með liði sínu Stuttgart.

Seltirningurinn og fyrrverandi leikmaður Gróttu Viggó Kristjánsson var kjörinn leikmaður mánaðarins í þýsku úrvalsdeildinni í handknattleik fyrir nóvembermánuð. Viggó, sem er leikmaður Stuttgart, fékk 48% greiddra atkvæða á heimasíðu deildarinnar, um 17 þúsund atkvæði. Martin Hanne, leikmaður Hannover-Burgdorf, varð annar með um 41%. Hinir fjórir sem hægt var að kjósa fengu sárafát atkvæði.

Viggó hefur slegið í gegn í þýsku 1. deildinni á leiktíðinni og er nú næst markahæsti maður deildarinnar með 83 mörk í 11 leikjum, einu marki á eftir Robert Weber, Nordhorn.

Viggó skoraði 32 mörk og átti 11 stoðsendingar í leikjum með Stuttgart í nóvember. Honum brást ekki boglistin í einu vítakasti á tímabilinu. Flest mörk í einum leik skoraði Viggó gegn Flensburg, 11.

## SKYLDUEIGN MATGÆÐINGA



SALKA  
www.salka.is



## HÁTÍÐ LJÓSS & FRÍÐAR



Fegursta Jógavöruúrvalið. Þú finnur það í Systrasamlaginu.  
Asanas, Yoloha, Manduka.



Ómótstæðilegir samfestingar  
og allskonar lífrænn  
kosý fatnaður.

Mandölur & möntruskrat.  
Mikið úrval.  
Vinalegasta fallega gjöfin.



**NÝTT!**  
Illmír með kjarnaolíum & kristöllum. Gefur gott "væb" inn í nýtt ár.

ATH. Lengri afgreiðslutími í desember.  
Upplýsingar á facebook/systrasamlagid



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

**BYKO**

skógræktin

Íslensk sígræn  
**Stafa-  
fura** ❄️  
frá Skógræktinni

Trén eru ræktuð **án eitrefna**, enginn áburður er notaður við ræktun fyrir utan 10-15g á hvert tré við gróðursetningu. Flutningsleiðin er stutt og er stafafuran því mun **umhverfisvænni kostur** en innflutt tré. Að minnsta kosti 10 tré eru ræktuð í stað hvers trés sem fellt er sem jólatré.

Stafafura er vinsælasta íslenska jólatréð og er einstaklega barrheldin og ilmandi. ❄️

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eða myndabrengi.

**Fæst í öllum verslunum BYKO**



Allar  
jólavörur

**20%**  
afsláttur

**Jólaskraut, gervitré, Lemax vörur, jólaseríur og -ljós** (\*ekki lifandi jólatré)

**Mannbroddar**

Mannbroddar fyrir hálfu og ís.

**2.155**

84533870

**Tilboðsverð****Gervitré**

90cm 120 greinar.  
120cm 300 greinar  
150cm 450 greinar  
210cm 1000 greinar

Verð frá:

**1.276-**  
**9.676**

88968024/28/29/31

Almennt verð frá: 1.595



**Við höfum bætt fleiri vörum í jólagjafahandbókina**

Þú finnur hana á [byko.is](http://byko.is)

**Nýtt**

**Reykskynjarar og slökkvitæki í miklu úrvali**



**Þú færð eldiviðinn hjá okkur**



**BYKO**  
**GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!

**Verslaðu á netinu** á [byko.is](http://byko.is)

